

Fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Grunnskólans í Borgarnesi þriðjudaginn 3.júní klukkan 20:00, haldinn í matsal Grunnskólans í Borgarnesi.
Mættir: Fimm úr stjórn (Katla, Birgitta, Karl, Lilja og Ingibjörg) og eitt foreldri.

Formaður Katla Gunnarsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar er samkvæmt lögum félags:

1. Formaður setur fundinn

Formaður kemur með tillögu að halda aðalfund að hausti, ekki að vori.

2. Kosinn fundarstjóri

Stungið var uppá Lilju Grétu Kr. Norðdahl gjaldkera sem fundarstjóra, samþykkt.

3. Kosinn fundarritari

Stungið var uppá Ingibjörgu Jónasdóttur ritara í embætti fundarritara, samþykkt.

4. Formaður gefur skýrslu um starfsemi á liðnu starfsári

Sendir voru greiðsluseðlar á hvert heimili. Aðeins eitt gjald, 1.500 kr.-

Foreldrafélagið hitti kokk skólans í vetur og fengum við að skoða mötuneytið.

Við styrktum skólann um 200.000 kr.- og ætlar skólinn að kaupa búnað í náttúrufræðistofuna.

Á Öskudaginn keypti foreldrafélagið nammi og útbúið var „köttinn í sekknum“. Það leist öllum vel á fyrirkomulagið sem var haft – öskudagurinn á skólatíma og haldinn í skólanum.

Sent var erindi til fræðslunefndarinnar vegna umferðaröryggis barna á leið í skólann.

5. Gjaldkeri leggur fram og útskýrir áritaða reikninga. Samþykki fundarmeðlima

Lilja gjaldkeri fer yfir reikninga. Góð skil á félagsgjöldum.

6. Stjórnarkjör - tillaga um að skipti stjórnar fari fram í lok ágúst á nýju skólaári.

Samþykkt að aðalfundur verði haldinn að hausti hér eftir. Skipti stjórnar mun fara fram næsta haust.

Næsti aðalfundur mun þá vera haustið 2022.

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 20:52.

Ingibjörg Jónasdóttir, fundarritari.